

9. mars 2009
SI-50121

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 5. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál

Tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga eru aðallega þrenns konar. *Í fyrsta lagi* eru breytingar sem leiða af lögum um endurskoðendur sem sett voru á síðasta þingi. Breytingarnar felast í því að breyta ákvæðum ársreikningslaganna sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. *Í öðru lagi* eru breytingar til skýringar á starfrækslumiðli og *í þriðja lagi* eru breytingar vegna innleiðingar ákvæða Evróputilskipunar nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulögðum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnar nr. 1569/2007/EB um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi.

Í framhaldi af breytingum á þeim ákvæðum laga um ársreikninga sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu er nauðsynlegt að gera hliðstæðar breytingar á löggjöf á sviði félagaréttar, svo sem lögum um hlutafélög, einkahlutafélögum og fleiri lögum, sem gera kröfu um kosningu endurskoðenda og/eða skoðunarmanna í samþykktum sínum og framlagningu endurskoðaðra ársreikninga.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygarð
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri